



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12 | 840 Laugarvatn | Sími 480 5550 | www.utu.is

Efni: Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Iðu II í Bláskógabyggð.



Gerð er tillaga að breytingu á gr. 11 í greinargerð deiliskipulagsins sem varða m.a. húsastærðir.

Gildandi skilmálar

Sumarhúsin á svæðinu skulu gerð úr timbri og vera um 40-60 m² að stærð. Mænishæð miðju bústaðar frá jörðu má vera allt að 5,5 m þar sem byggt er á hallandi lóð en lægri þar sem því verður viðkomið. Mænisstefna skal vera hin sama fyrir öll sumarhús á svæðinu. Þakhalli skal vera á bilinu 15-45 gráður. Litaval skal vera í samræmi við umhverfi. Bústaðir skulu að jafnaði vera staðsettir 10 metra frá lóðarlínu. Heimilt er með samþykki byggingarfulltrúa að staðsetja bústaði nær lóðarlínu allt að 7 metrum ef aðstæður á lóðinni gefa tilefni til slíkrar staðsetningar. Fjarlægð milli bústaða á svæðinu skal þá ávallt vera a.m.k. 20 metrar.

Breyttir skilmálar

Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt aðalhús og eitt aukahús (gestahús/geymsla/gróðurhús). Hámarks byggingarmagn lóðar miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 og þar af má aukahús vera allt að 40 m². Sumarhúsin skulu gerð úr timbri. Mænishæð miðju bústaðar frá jörðu má vera allt að 5,5 m þar sem byggt er á hallandi lóð en lægri þar sem því verður viðkomið. Mænisstefna skal vera hin sama fyrir öll sumarhús á svæðinu. Þakhalli skal vera á bilinu 15-45 gráður. Litaval skal vera í samræmi við umhverfi. Húsin skulu vera staðsett 10 metra frá lóðamörkum eða innan byggingarreits.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagsla nr. 123/2010,
var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar
þann _____